

Þróun gagnvirks námsefnis í tæknigreinum

Rafiðnaðarskólinn

Lok verkefnis: **26.05.2020**

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Þróun gagnvirks námsefnis í tæknigreinum. Rafiðnaðarskólinn ehf.

2. Um verkefnið

Verkefnið gekk út á að þróa kennslumyndbönd þar sem grunnatriðum í viðkomandi fagi er lýst á hnitmiðaðan og einfaldan hátt. Jafnframt var markmið að þróa vef til þess að halda utan um myndböndin, kannanirnar og leiðbeiningar til þátttakenda.

3. Markmið verkefnis

Að þróa gagnvirkt kennsluefni til að nota til undirbúnings raunfærnimats, og í námi eftir raunfærnimat í tæknigreinum.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Stúdíó Sýrland, fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins/rafbok.is, Félag tæknifólks í rafiðnaði, Félag kvikmyndagerðarmanna.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Verkefnið auðveldar námsmönnum skilning með myndrænu námsefni, veitir einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Fjögur myndbönd, Hverju myndbandi fylgir gagnvirk könnun á því hvernig þátttakanda hefur tekist að tileinka sér námsefnið. Edx kennsluvefur hefur verið þýddur á íslensku og honum komið fyrir á léninu <https://rafskoli-rafmenntar.teachable.com/>.